

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Borg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Umbótaáætlun Borgar.....	5
3 Um innra mat í leikskólum	7
3.1 Lóuholt, Arnarborg	8
3.2 Spóaholt, Arnarborg	9
3.3 Krummaholt, Arnarborg	10
3.4 Arnardeild, Fálkaborg	11
3.5 Fálkadeild, Fálkaborg	12
3.6 Ugludeild, Fálkaborg	13
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	15
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Foreldrasamvinna	18
8 Samstarf leik- og grunnskóla	19
9 Skipulagsdagar.....	20
10 Fylgigögn.....	20
10.1 Leikskóladagatal	20
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	20

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Virðing - Ábyrgð - Umhyggja

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017-2018 hefur verið viðburðarríkt, spennandi, krefjandi, skemmtilegt og lærdómsríkt. Ég tók við sem nýr leikskólastjóri í Borg þann 1. október 2017. Síðan þá er ég búin að kynnst fullt af yndislegum börnum, foreldrum og starfsfólki og þau gera hvern dag betri. Skólaárið 2017-2018 voru 128 börn í vistun og tæplega 40 starfsmenn í það heila, skiptist nokkuð jafnt á milli húsa.

Það sem stendur upp úr árinu eru breytingar, alls konar breytingar. Við fengum meðal annars nýjan garð, nýja innkeyrslu og nýtt bílastæði í Fálkaborg. Í Arnarborg voru breytingar á salernum barna, ný vinnuaðstaða fyrir kennara, nýtt starfsmannasalerni og ný kaffistofa. Nýtt lógó fyrir Borg var unnið í samstarfi við Láru Garðarsdóttir, teiknara, og við teljum að það hafi tekist vel til. Við erum einnig að vinna í því að fá inn nýtt símkerfi sem mun sameina húsin enn betur. Hver deild fær sitt símanúmer og það verður eitt aðalnúmer fyrir bæði húsin.

Verkefni elstu barnanna voru með hefðbundnu sniði, börn úr báðum húsum hittast reglulega og eiga í góðu samstarfi. Þau tóku þátt í upphafsatriði Barnamenningarhátíðar, fóru í allskonar vettvangsferðir, voru í útiskóla og voru í samstarfi við bæði Breiðholtsskóla og Bakkaborg.

Hefðbundið leikskólastarf var unnið alla dag þrátt fyrir mikla manneklu. Við þurftum að senda börn heim nokkrum sinnum vegna þess. Manneklan kemur til af tvennu, langtímaveikindum og erfiðleikum að ráða inn hæft fólk.

Við buðum upp á Fjölskyldukaffi á vorönn í báðum húsum, frábær þátttaka og gaman að sjá hversu margir gáfu sér tíma til að koma.

Stjórnir foreldrafélaganna ásamt leikskólastjóra funduðu á vorönn. Gott samtal og var ákveðið að hittast aftur að hausti og útbúa samstarfsáætlun.

Sumarhátíð Borgar var haldin í júní og við vorum heppin með veður. Þau sem eru í Arnarborg fóru í skruðgöngu yfir í Fálkaborg. Þar voru veitingar og skemmtiatriði. Pennan dag kynntum við Lógó Borgar og allir fengu stuttermaboli með merki skólans.

Í samstarfi við stjórnendateymið var sú ákvörðun tekin að taka ekki inn börn í leikskólann fyrir sumarfrí, eins og hefur verið gert síðast liðin ár. Við tókum inn börn í byrjun sumars í stað þeirra sem

hættu þá. Eftir sumarfrí höfðum við tíma til að aðlaga börnin milli deilda og gera allt tilbúið fyrir ný börn, sem byrjuðu hjá okkur seinnipart ágúst.

Þar sem ég er nýr leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri er búinn að vera í veikindum síðan í apríl þá hef ég þurft að forgangsraða verkefnum. Við verðum með eina heildar umbótaáætlun sem er fyrir okkur öll sem erum í leikskólanum Borg.

2 Umbótaáætlun Borgar


Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Heilsuleiks kólinn Borg	Heilsustefnan Sé sýnileg	Eldhúsi í sköpun, hreyfingu, Samskiptum,		Stjórnendateymi Borgar	Könnun, rýnihópar Ljósmyndir Starfsmenn Foreldrar Börn Lokamat maí 2019	Heilsustefnan sýnileg í leikskólastarfinu
		Stofna heilsubók fyrir öll börn og skrá í hana að hausti og vori	Skólaárið	Deildastjórar	Maí 2019	Heilsubók fyrir öll börn
Heilsuleiks kólinn Borg	Allir vinna að Heilsustefnunni	Fræðsla á starfsdegi Umræður á deildafundur	Skipulags dagur Deildafun dir yfir skólaárið	Stjórnendateymi	Fundargerðir	Allir starfsmenn meðvitaðir um Heilsustefnuna
Heilsuvern d	Tannverndarver kefni	Skrá leita eftir samþykki foreldra og skrá þátttakendur	Skólaárið 2018- 2019	Stjórnendateymi	Maí 2019	Búið að skima alla þátttakendur og skrá næstu skref

Listsköpun	Að efla sköpun elstu barna og samstarf milli húsa	Elstu börn Borgar taka þátt í verkefni með Myndlistarskól a Reykjavíkur	Haustönn 2018	Leikskólastjóri og deildastjórar elstu barnanna	Börn Starfsfólk Foreldrar Febrúar 2019	Afrakstur úr Myndlistarskól an um, að allir í Elsta hóp hafi farið í Myndlistarskól an Skráum verkefnin
Samstarfs skólastiga í Bakkahver fi	Að festa í sessi samstarfsáætlun milli skólastiga	Tímaáætlun gerð og samstarfið varðað með verkefnum	Skólaárið 2018-2019	Stjórnendateymi	Metið á fundi í maí 2019	Ná að halda áætlun og sjá hana verða að veruleika
Gildi leikskólans Borgar	Vinna með gildi Borgar og hvað þýðingu þau hafa fyrir okkur	Samræðu á skipulagsdögu m og á deildarfundum	Skólaárið 2018-2019	Leikskólastjóri	Á skipulagsdegi í maí 2019	Að hvert og eitt gildi sé skilgreint og til sýnis í hvoru húsi fyrir sig

3 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

3.1 Lóuholt, Arnarborg

Börnin á Lóuholti eru 1-3 ára og skólárið 2017-2018 voru þau 17 saman á deild

Á Lóuholti urðu deildarstjórskipti, Sandra Mjöll fór í fæðingarorlof og Sandra Aðalsteinsdóttir tók við af henni í byrjun júní. Á starfsárinu 2017-2018 var byrjað að vinna að markvissum breytingum og í október hitti fyrrum deildarstjóri leikskólaráðgjafa og átti með honum fund. Leikskólaráðgjafinn kom með góðar hugmyndir að breyttu skipulagi á deildinni, bæði dagsskipulagi, skipulagningu hópastarfs, uppsetningu deildarinnar og fleira sem mátti bæta. En vegna veikinda þá náðu þessar hugmyndir ekki að verða að veruleika. Þetta varð til þess að á starfsárinu hefði mátt vera markvissara hópastarf með markmiðum og hugmyndum um hverju ætti að vinna að hverju sinni með börnunum á deildinni. Dagsskipulag/vikuskipulag hefði mátt vera skýrara fyrir starfsmönnum deildarinnar en oft á tíðum virtist það vera í lausu lofti og erfitt var fyrir starfsmenn af öðrum deildum (sem komu að aðstoða) að stíga inn í verk sem þurfti að gera. Einnig þótti vanta meiri ramma fyrir börnin og meiri örvun í frjálsum leik inni á deild. Það hafði reynst erfitt fyrir börnin að ná sér niður í rólegan leik og ná að halda einbeitingu til lengri tíma, þau voru mikið að vaða úr einu í annað, mikið á hlaupum og áttu mjög erfitt með að sitja kyrr.

3.2 Spóaholt, Arnarborg

Börnin á Spóaholti eru 3- 4 ára og skólárið 2017-2018 voru þau 24 saman á deild.

Haustið var mjög erfitt starfsmannalega séð, almenn veikindi, veikindaleyfi til lengri tíma, frí og annað. Loka þurfti deildum og senda börn heim til skiptis. Ekki voru allir foreldrar sáttir svo að það þurfti að tækla það, sem að leikskólastjóri gerði með eindæmum vel. Þetta varð til þess að álag og streita var mikil hjá starfsfólkinu, sem stóð vaktina. Við þurftum að draga úr hópastarfi og allt starf á deildinni var endurskoðað með tilliti til starfsmannaskorts.

Við vorum með þema í gangi, húsdýr, tölur, bókstafir og litir. Vorum duglegar að skipta þeim á svæði í hópastarfinu og nýttum fataherbergið líka.

2013 árgangur var með tölur og bókstafi og vann allskonar verkefni því tengt. Svo sem að spora stafi, skrifa þá og teikna hluti sem að byrjaði á þeim staf. Það sama var gert með tölustafina og þau æfðu í að telja ofl. Og þau æfðu sig líka í að skrifa nöfnin sín.

2014 árgangur var með húsdýra þema, við skoðuðum húsdýrin og fundum út hvaða hljóð þau gefa frá sér, hvað afkvæmi þeirra heita og hvað þeim finnst gott að borða. Við töluðum líka um hvað það væri sem að dýrin gæfu okkur, eins og ull, mjólk, egg og annað. Svo fórum við í ferð í húsdýragarðinn.

2015 árgangur var með lita þema, þau voru að æfa sig í að þekkja litina. Máluðu mynd í litnum og áttu svo að finna hluti með þeim lit.

Vorum duglegar að fara í göngutúr inn á milli og þá með alla deildina saman. Við spiluðum með þeim samstæðuspil og bingó og klipptum og föndruðum heilmikið. Einnig fórum við með þau í árgangaheimsóknir á milli leikskólana í hverfinu. Heilmikil kennsla fyrir utan þessar hefðbundnu hópastarfstundir fór fram í fataklefa, salernisferðum, veðurfræðingnum, samverustundum, við matarborð og fleira og fleira.

Eftir áramótin varð allt aðeins auðveldara þó svo að við værum bara rétt að geta hafið markvisst hópastarf og ná áttum eftir haustið. Við fengum svo frábæran kennara í okkar hóp í byrjun mars sem að var töluverður léttir.

Ég horfi til skólaársins 2018-2019 með meiri tilhlökkun en áður og veit núna hvert við erum að stefna. Allt er frekar skýrt og auðvelt að ná í leikskólastjóran til þess að aðstoða við það sem að þarf ef að maður rekst á lokaðar dyr.

3.3 Krummaholt, Arnarborg

Börnin á Krummaholti eru 4-5 ára og skólaárið 2017-2018 voru þau 24 saman á deild

Skólaárið 2017-2018 byrjaði ágætlega en vegna manneklu reyndist erfitt að fylgja dagskipulagi eins og það var upphaflega sett upp. Allir aldurhópar deildarinnar áttu að fá fjóra hópastarfstíma á viku og var reynt að halda þeim eins og hægt var. Hópastarfi yngri hópanna var breytt og einfaldað þannig auðveldara væri fyrir starfsmenn að sinna því, þrátt fyrir að suma daga vantaði starfsfólk.

Elstu börn deildarinnar, skólahópur, fóru fjórum sinnum í viku í hópastarf og hafði það forgang. Á hverjum degi var unnið með ákveðin verkefni, orðahljóð, orðagull, íþróttir og samvera og samvinna með skólahópnum í Fálkaborg. Seinni hluta skólaársins var hópastarfið endurskipulagt með það að leiðarljósi að létta á álagi á starfsfólki. Skólastarf elstu barnanna gekk ágætlega, en hefði mátt vera mun markvissara.

Í hópastarfi yngri barnanna á deildinni var skipt niður á daga, við unnum með borðspil, þema sem voru íslensku húsdýrin og vettvangsferðir. Upphaflega voru það tveir hópar, en eftir áramót var aldurshópunum 2013 og 2014 blandað saman í hópastarfinu.

Barnahópurinn var krefjandi og hefði þurft að skipta hópnum oftár á þau svæði sem eru í boði í húsinu, Listaholt, Miðholt og Stórholt. Öll börnin fóru reglulega í vettvangsferðir og létti það mikið á álaginu.

Skipulögð listsköpun var ekki nógu markviss, en þó var heilmikið skapandi starf unnið á deildinni.

Skólahópur söng ásamt fleiri leikskólabörnum á tónleikunum Hvað er þetta, hver er hér? í Hörpu á Barnamenningarhátíðinni.

Vorum dugleg að fara á söfn sem eru í boði, öll börnin fóru t.d. í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Árbæjarsafnið. Einnig nýttu við okkur nálægðina við Elliðaárdalinn og heimsóttum hann reglulega.

3.4 Arnardeild, Fálkaborg

Börnin á Arnardeild eru 1-3 ára og skólaárið 2017-2018 voru þau 19 saman á deild

Síðasta skólaár gekk ágætlega. Við vorum að taka inn börn framan af vetri en náðum að halda hefðbundnu starfi þrátt fyrir að vera einum starfsmanni færri en fjöldi barna sagði til um. Erfiðlega gekk að ráða inn starfsmann.

Við fórum í hópastarf þegar tækifæri gafst, við vorum með sköpun, val, frjálsan leik, útiveru og annað hefðbundið leikskóalstarf.

3.5 Fálkadeild, Fálkaborg

Börnin á Fálkadeild eru 3-6 ára og skólárið 2017-2018 voru þau 22 saman á deild

Starfið á deildinni heilt yfir gekk ágætlega, við reyndum eftir bestu getu að fara eftir skipulagi.

Við vorum með einn dreng sem var með stuðning en vegna mannekle fékk hann ekki allan þann stuðning sem hann þurfti á að halda.

Öll börnin á deildinni fóru fjórum sinnum í skipulagt hópastarf í viku t.d. útinám , hlutverkaleik, listsköpun og salinn (holukubbar og hreyfing).

Í hópastarfi var mikið samstarf milli elstu deilda.

Elstu börnin fóru í skólastund fjóra daga í viku og unnu markvisst að spora stafi, orðagull, orðahjóð og fóru í íþróttahúsið. Elstu börnin fóru einnig á mörg söfn og gerðu mikið af skemmtilegum og spennandi hlutum.

Barnahópurinn var krefjandi en heilt yfir með frábært starfsfólk þá gekk þetta.

3.6 Ugludeild, Fálkaborg

Börnin á Ugludeild eru 3-6 ára og skólárið 2017-2018 voru þau 22 saman á deild

Skólaárið byrjaði mjög vel. Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel og voru 3 fastir starfsmenn á deildinni, hver með sinn hóp en hóparnir eru árgangaskiptir.

Í byrjun haustannar hættu 4 börn í yngsta hópnum, fluttu í önnur hverfi, og var starfsfólk því að aðlagja ný börn fram í nóvember og voru komnir 4 árgangar á deildinni en þeim var samt sem áður skipt niður í 3 hópa í hópastarfi. Hóparnir voru misstórir og miskrefjandi en engu að síður gekk hópastarfið mjög vel. Einn starfsmaður hætti störfum í lok september og var á tímabili erfitt vegna manneklu að halda hópastarfi en starfsfólk lagði sitt af mörkum með því að sameina hópa, kalla eftir aðstoð frá sérkennara sem tók þá 3 börn í vinnustund eða fengin aðstoð frá hinni eldri deildinni. Ágætlega gekk að fylgja eftir dagskipulagi deildarinnar þrátt fyrir manneklu og fljótlega var ráðið í þá stöðu sem vantaði. Samstarf á milli eldri deildanna var mjög gott og hafði mikið að gera með hvernig gekk að framfylgja dagskipulagi og halda uppi hópastarfinu.

Hvert barn fór í hópastarf fjórum sinnum í viku með sínum hópstjóra. Í hópastarfi var farið í hreyfistund í sal, útinám, listsköpun og málræktarverkefni, hlutverkaleik og eða einingarkubba.

Hóparnir vinna mikið saman á milli deilda þ.e.a.s. sömu árgangarnir. Fara saman í útinám, hreyfistundir og hlutverkaleik. Mismunandi er með árganga hvaða þema er í gangi.

Rauði hópur sem er næstelsti árgangurinn vinnur með sjálfan sig og umhverfi og er farið markvisst að heimilum barnanna þar sem þau leika sér saman á sínum heimavelli.

Græni hópur sem er yngsti árgangurinn vinnur með sjálfan sig og vináttu.

Á föstudögum er ekki hópastarf en þá eru allir saman í vali eða flæði eftir söngsal og er mikil ánægja með það.

Elstu börnin unnu með dagatalið sitt og fleiri myndsköpunarverkefni, tóku þátt í Hörpuverkefninu sem er í tengslum við Barnamenningarhátíðina, fóru í ýmsar vettvangsferðir t.d. á bókasafnið, Árbæjasafnið og margt fleira. Almenn ánægja hjá starfsfólki með hópastarfið og finnst það mjög mikilvægt. Elstu börnin fóru einnig í skólastundir fjórum sinnum í viku en þar var unnið með orðahljóð, orðagull, stig af stigi, unnið með bókstafi og tölustafi. Þar lærðu börnin einnig að ganga frá eftir sig og bera þannig ábyrgð á sínum verkefnum og setja þau í möppuna sína. Börnin hittust í Bakkaseli sem er frístund Breiðholtsskóla en þar var hópunum blandað og var hver hópstjóri þá með börn frá þessum þremur elstu deildum. Hópstjórum fannst þeir missa yfirsýnina á „sínun“ börnum

með framfarir í skólastundum en þau voru misvel stödd og fannst þeim mikil ringulreið vera á börnunum. Einnig fannst hópstjórum frá Fálkaborginni erfitt að fara á milli staða en það er ansi löng ganga á hverjum degi í misgóðu veðri og var komin mikil þreyta hjá bæði börnum og starfsfólki hvað það varðar. Starfsfólk var samt mjög ánægt með að hafa Bakkaselið sem aðstöðu þar sem börnin voru orðin kunnug því húsnæði fyrir væntanlega skólagöngu en fjórum sinnum í viku var of mikið. Nýr leikskólastjóri gerði því breytingu á því og fann starfsfólk til léttis með það.

Um sumarið fóru elstu börnin í útiskóla sem er samstarf með Borg, Bakkaborg og Breiðholtsskóla. Ekki var hægt að fá húsnæði hjá Breiðholtsskóla eins og undanfarin ár en starfsfólk var samt ánægt með samstarfið. Þó fannst starfsfólki vera of mikið af inniveru eða safnaferðum, vildu vera meira í vettvangsferðum úti.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í leikskólanum Borg voru sex börn sem fengu stuðningstíma á skólaárinu 2017-2018. Af þeim voru fjögur börn með tíma úthlutuðum úr 1. flokki og tvö börn með tíma úr 2. flokki. Eitt barn með greiningu fékk ekki úthlutuðum stuðningstímum. Fimm starfsmenn auk eins deildastjóra sinntu stuðningsstarfi. Gerð einstaklingsnámsskráa fyrir börnin var undir umsjón sérkennslustjóra og stuðningsaðila hvers og eins. Notast er við AEPS færnimatslista fyrir flest börnin en færniliesti sem hentar börnum með einhverfu er notaður aukalega fyrir börn með þá greiningu. Unnið er eftir markmiðum úr listunum og svo er gert endurmat á um það bil sex mánaða fresti eða eftir því hvað hentar hverju barni fyrir sig. Þá eru fundin ný markmið að vinna eftir og framfarir skráðar niður.

Í leikskólanum Borg er unnið með EFI-2 og HLJÓM-2 málþroskaskimanir. Niðurstöður úr EFI-2 skimun 3-4 ára barna notum við til að kortleggja málþroskavanda ef einhver er. Eins með HLJÓM-2 niðurstöður. Við skiptum börnum í hópa og vinnum sérstaklega með þeim sem þurfa aukna aðstoð og þjálfun hvað málþroska varðar. Þessi skimunartæki hafa stutt við þá mikilvægu nálgun sem snemmtæk íhlutun er. Með því að skima öll börn, er m.a. hægt að færa frekari rök fyrir þörf á nánari athugun einstakra barna, sem grunur leikur á að þess þurfi.

Samstarf við foreldra sérkennslubarna er mikið og yfirleitt gott. Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum og öðrum úr teymi hvers barns. Þar fá foreldrar ráðgjöf og geta spurt spurninga, fá einnig yfirsýn yfir vinnuna sem fram fer með börnunum í leikskólanum, hvort sem um er að ræða sérkennslu út af deild eða innan deildar. Teymisfundi sitja foreldrar, viðkomandi starfsfólk leikskólans og eftirfylgdaraðili frá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Hver mál eru einstök og geta aðrir einstaklingar komið að teymisfundum, það eru helst aðilar frá Greiningarstöð, Þroska og hegðunarmiðstöð, talmeinafræðingar, sjúkraþjálfarar, heilbrigðisstarfsfólk og túlkar. Eðli málsins samkvæmt erum við í góðri samvinnu við Þjónustumiðstöð hverfisins og aðrar stofnanir sem koma að málum sérkennslubarnanna.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna deilda er mikil þar sem við á, þ.e. þar sem sérkennslubörn eru innan deilda. Jafnframt er ráðgjöf og stuðningur veittur til deilda þar sem eru mörg börn af erlendum uppruna og/eða með annað móðurmál en íslensku. Sérkennslustjóri hefur bæði veitt ráðgjöf til þeirra sem óska eftir því og einnig verið milliliður í að óska eftir frekari ráðgjöf, til dæmis frá Þjónustumiðstöð.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Að viðhalda einstaklingsmið aðri nálgun fyrir börnin.	Með því að horfa á hvert barn fyrir sig og meta hvernig nálgun hvert barn þarf.	Á alltaf við.	Sérkennslustjóri	Safna gögnum með tilheyrandi listum, fá sérfræðinga til að aðstoða við að gera mat á stuðningspör f.	Þegar hver og einn bætir sig miðað við hvar hann sjálfur er staddur. Hægt að sjá með færnimatslista til dæmis.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Við í Borg erum fjölmennningarlegur leikskóli með um það bil 40 % barna af erlendum uppruna. Við erum núna að vinna með starfsmannahópinn og viðhorf í nánu samstarfi við Fríðu Bjarney Jónsdóttur, verkefnastjóra fjölmennningar hjá Skóla- og frístundarsviði. Við viljum vanda okkur við að taka á móti börnum og foreldrum.

Við vinnum með íslensku sem annað mál með því fara reglulega í málörvunarstundir þar sem er spilað, lesið, sungið, bækur skoðaðar, búnar til sögur og tákn með tali notað. Með því að tala um það sem gert er í daglegu starfi hverju sinni í öllum aðstæðum, við matarborðið, í fataklefa, samverustundum og svo framvegis. Við dýpkum orðaforða með því að lesa sögur, ljóð og þulur fyrir börnin og útskýra einstök orð, skoða myndir og tala um þær. Í forritinu *Lærum og leikum með hljóðin* eru orðin útskýrð í samhengi og við notum það með börnunum.

Til að fylgjast með framförum barnanna notum við skimanirnar HLJÓM-2 og EFI 2. Ásamt öðrum gátlistum sem er að finna á heimasíðu Þjónustumiðstöð Breiðholts

Í samskiptum við foreldra þá notum við túlkabjónustu þegar þess þarf, eins og í foreldraviðtölum. Við notum einnig google translate og símatúlkun til að koma skilaboðum á milli foreldra og leikskóla

Foreldrar nýrra barna fara í fyrsta viðtal hjá leikskólastjóra þar sem farið er yfir ákveðið viðtalsblað. Túlkur er í viðtölum ef þörf krefur. Við erum með þátttökuaðlögun og erum með myndrænan fatabækling.

Foreldrar eru hvattir til að nota móðurmálið sitt heima með börnunum, því með góðri undirstöðu í móðurmálinu eru þau líklegri til að ná góðum tókum á íslensku.

Varðandi upplýsingagjöf til foreldra þá erum við með foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári. Í viðtölunum er foreldrum greint frá því hvar barnið stendur og sá aðili sem hefur tekið HLJÓM 2 eða EFI 2 kemur inn í viðtalið og greinir frá niðurstöðum og hvernig áframhaldandi vinnu verður háttað.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl voru skipulögð í apríl og maí en féllu niður vegna veikinda í stjórnendateymi leikskólans.
- Símenntun frá síðasta ári: Á fyrsta skipulagsdegi vetrarins var hópefli „Vertu óstöðvandi“ fyrir alla starfsmenn. Það var hann Bjartur Guðmundsson leikari sem var með það. Verkefnastjóri fjölmenningar hjá SFS Fríða Bjarney og brúarsmiðurinn Chriselle komu og héldu erindi í leikskólanum. Við fengum fræðslu frá Vinnueftirlitinu varðandi líkamsbeitingu. Í samtarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins erum við að skoða tannverndarverkefnið sem er í gangi og kom Kristín tannlæknir og kynnti verkefnið fyrir starfsfólki og börnum.
- Áætlun um símenntun í leikskólanum: Við ætlum að halda áfram að vinna með fjölmenningarleg vinnubrögð, skerpa á hugmyndafræði um heilsueflandi leikskóla og halda áfram að efla okkur í verkefnum tengdum málþroska og læsi í samstarfi við Miðju máls og læsi.
- Önnur fræðsla: Við stefnum að því að sækja ráðstefnu SFS í tengslum við dag leikskólans í febrúar. Við munum einnig skoða þá fræðslu sem er í boði hverju sinni og sækja hana, ef hún á við það sem við erum að gera.

7 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð kosið á foreldrafundi í byrjun sumars. Kjörnir fulltrúar eru sex, þrír í hvoru húsi.
- Foreldrafundir voru haldnir í vor. Ekki náðist að halda fundi á haustönn. Fundirnir voru í sitt hvoru húsinu, í Arnarborg 31. maí og Fálkaborg 1. júní 2018.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu. Þau eru haldin í október-nóvember og mars-apríl á hverju skólaári.
- Foreldrafélög eru tvö, í sitthvoru húsinu, en samstarf er komið á milli félaganna og samstarfsáætlun er í vinnslu. Það er, að samþætta verkefni og gjald foreldrafélaganna.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Stjórnendur skólanna funduðu á vorönn og svo aftur eftir sumarfrí. Ákveðið var að efla samstarfið og gera áætlun fyrir skólaárið. Samstarfsáætlunin verður metin og endurskoðuð í lok skólaársins.

- Samstarfsáætlun Borgar, Bakkaborgar og Breiðholtsskóla.

Tími	Viðburður
Október	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni vikan 8. – 12.okt
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. ○ 4 deildir í Bakkaborg – 8 nemendur ○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur ○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur
Desember	Leikskólar og 1.bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla - Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal - Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1.bekk
Febrúar	Nemendur í 1.bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.
Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólastjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálp, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli 21. og 22. maí Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla 23. maí Leikskólabörn koma og skoða sundlaugina. Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla • Borg – 28. maí • Bakkaborg – 3. júní
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Stjórnendafundur – skipulag samstarfs
September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.

9 Skipulagsdagar.

5. október 2018	Sameiginlegur dagur með öllum leikskólum í Breiðholti
23. nóvember 2018	Sameiginlegur dagur með Breiðholtsskóla og Bakkaborg
2. janúar 2019	Sameiginlegur dagur með Breiðholtsskóla og Bakkaborg
7. febrúar 2019	Sameiginlegur dagur með Bakkaborg
1. apríl 2019	Skipulagsdagur
3. maí 2019	Sameiginlegur dagur með Breiðholtsskóla og Bakkaborg

Leikskóladagatal Sjá fylgigögn

10 Fylgigögn

10.1 Leikskóladagatal

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Borg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Dagur stærðfræðinnar	1 F		1 M	Skipulagsdagur	1 M	Barnamenningarhátíð/Verka	1 L		1 M	Skil á starfsáætlun
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M	Skipulagsdagur	2 L		2 L		2 Þ		2 F	Barnamenningarhátíð	2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	SkipulagsdagurBarnamenningardagur	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	Skipulagsdagur	5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S	Barnamenningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Frídagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans/foreldrakaffi	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 F		7 M		7 F	Skipulagsdagur/Leikskóla	7 F		7 S		7 Þ		7 F	Skólaslit í grunnskólum	7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	Sumarhátíð Borgar
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Litlu jól Arnarborg	13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 F	Litlu jól Fálkaborg	14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmasonnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F	Vetrarfrí Grunnskóla	18 S		18 Þ	Aðventukaffi Arnarborg	18 F		18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F	Vetrarfrí Grunnskóla	19 M		19 M	Aðventukaffi Fálkaborg	19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ	Vorskóli Elstu barna	21 F		21 S	
22 M	Skólasetning	22 L		22 M	Vetrarfrí Grunnskóla	22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M	Vorskóli Elstu barna	22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F	Vorhátíð Breiðholtsskóla	23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur	25 M	Vetrarfrí/Samráð leikskólans	25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F		26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ	Vetrarfrí Grunnskóla	26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ	Útskrift Elstu barna	28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

*Foreldraviðtöl eru á haust- og vorönn. Þau verða auglýst sérstaklega

Starfsáætlun 2018 – 2019

~~Nafn leikskóla~~

Leikskólinn Borg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

~~XXXX XXXX~~

~~XXXX XXXXXX~~

~~XXXX XXXXXX~~

Freyja Óskarsdóttir

Hermann Arnar Austmar
Bergsteinn Þór Jónsson
Saga Ólafsdóttir
Silja Guðbjörnsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráðið er ánægt með að stefnt er að hafa færri markmið sem eru geranleg fyrir starfsfólk. Einnig er almenn gleði með að leggja áherslu á orðið „Umhyggja“ í gildum skólans.

Í sambandi við aðstöðu barna í Arnaborg vill foreldraráðið nefna að laga mætti leiksvæðið fyrir börnin, t.d. mætti laga sandkassann, bæta við ungbarnarólu, laga girðinguna í kringum svæðið, laga moldarsvæðið sem myndast og hafa betra viðhald við svæðinu. Einnig er þörf á mikilla úrbóta með húsnæðið, meðal annars er leki og gólfefni lélegt.

Í Fálkaborg er vandamál með lás á girðingu til að komast inn á leikvöllinn, ekki er hægt að opna hliðið. Einnig er salernin fyrir yngstu börnin ekki viðunandi.

Foreldraráðið vill hvetja Reykjavíkurborg til að hafa meiri metnað fyrir starfsmannahaldi leikskóla Reykjavíkurborgar.

← Sniðið: Engin bil, Línubil: Margfalt 1,15 li

← Sniðið: Engin bil, Línubil: Margfalt 1,15 li